





# Forsenda nýsköpunar: Áhrif vísinda á íslenskt samfélag

Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir framkvæmdastjóri

16. maí 2024



# Frumkvöðlar á sviði fræða

Áhugadrifnar rannsóknir og samfélagsleg nýsköpun

# Rauði þráðurinn

Af rannsóknum fræðimanna á sviði hug og félagsvísinda,

Fjármögnun áhugadrifinna grunnrannsókna og

Ósýnileika samfélagslegrar nýsköpunar hug- og félagsvísinda

# Sjónarhornið

## ReykjavíkurAkademían ses

- Málsvari og miðstöð sjálfstætt starfandi fræðimanna
- „hraðall“ rannsókna og þekkingarmiðlunar

## Mála upp mynd í grófum dráttum

- Tilgáta: rannsóknir og tölfræðiupplýsingar takmarkaðar
  - (nokkrar skýrslur, greinar, rannsóknir og málþing)

## Alhæfingar?

- á við um fleiri rannsakendur, á öðrum sviðum fræða
- mikill munur á hug- og félagsvísindum
- Svipuð þróun í Evrópu (Svíþjóð)

Horfa fram á við – hver er staðan, hvernig bregðumst við við?

Hug- og félagsvísindi  
sérstaðan innan  
(háskóla)samfélagsins

# Sameiginlegur grunnur hug- og félagsvísinda

Tvö fræðasvið og fjölmargar fræðigreinar

- Hvorki algild né skýr mörk þar á milli

Rannsaka mannlega hegðun, áhrif samfélagsins á einstaklinginn og áhrif hugmynda mannsins og hegðunar á samfélagið.

Byggt á getunni til þess að greina, túlka og lýsa viðfangsefninu og þar með að bregðast við breytingum.

Þessir eiginleikar eru mikilvægir samfélaginu og undirstaða gagnrýnnar hugsunar, sköpun nýrra hugmynda og lausna á samfélagslegum vandamálum.

# Hornkerlingar háskólasamfélagsins?

## Staða hug- og félagsvísinda innan háskólanna (sænskra)

- „Hinir“ hafa það miklu betra en við
- mikil kennsluskylda – stórir nemendahópar
- lítil tími til að sinna eigin rannsóknum
- erfiðara að fá fjármagn til rannsókna?
- rannsóknasviðin mörg, dreifð og lítil
- stórt fræðasvið, viðfangsefni og sjónarhornin endalaust mörg og því hlutfallslega fáir doktorsnemar
- eðli og umfang viðfangsefnanna henta gjarnan betur einstaklingum en rannsóknahópum



# Eru út um allt ...

40% nemenda HÍ eru af hug- og félagsvísindasviði

Þekking sem nýtist daglega og er grunnstoð íslensk samfélags

- Skólum, söfnum, fjölmiðlum, bókasöfnum, kirkjum, ráðuneytum og stofnunum, ferðaþjónustu, rannsóknum og þekkingarmiðlun, bókaútgáfa, álitsgjöf, grunnur siðfræði og listsköpunar, tölvuleikja- og kvikmyndaiðnaði

Allt bendir til þess að þörfin mun í aukast.

- Þekkingasamfélagið hrópar á kunnáttu í tungumálum, samskiptum, meðhöndlun upplýsinga og færni í notkun gagnrýninna- greinandi aðferðum

# ... en eru þó hvergi

Sameinuð rödd hug- og félagsvísinda heyrir örsjaldan

- tölfræðin er ekki til
- og ekki heldur orðin
- við erum heldur ekki fræðafólk

sagnfræðingar eða framkvæmdastjórar (læknar eða listamenn)

Háskólakennarar eru rödd og andlit fræðanna

Gagnrýnin og greinandi fremur en öflugir talsmenn atvinnulífs og samfélags

# Að vera í takt við tímann getur tekið á

Sjálfsmynd hug- og félagsvísinda (almennt) innhverf og „snobbuð“\*

- Rannsóknir og samtal gjarnan takmarkað við háskólasamfélagið
  - upplýsa samfélag og atvinnulíf um niðurstöður fremur en að vinna saman að framkvæmd þeirra
- Lokatakmark allra er að verða prófessor í litlu fræðigreininni
- Hinir eru svolítið mislukkaðir og brottfall er hátt, (en skyldi sú menntun nýtast?)
- Fræðigreinin er
  - miðja gagnrýnnar og greinandi hugsunar
  - „Við erum ekki hagnýt“ (ekki „við erum mikilvægust samfélaginu“)

Orðræða sem að

- hindra þátttöku í umræðum um vísindi og samfélagsþáttöku
- Virðast íhaldssöm, ekki framsýn
- Í stöðugri vörn?

\*grunnhlutverk akademíunnar að ígrunda, ekki að mæla afurðir

# Óljós tengsl við samfélagið

Hver eru samfélagsleg áhrif rannsókna á hug- og félagsvísinda?

- Eigum (stundum) erfitt með að færa rök fyrir samfélagsleg mikilvægi rannsókna
- Fjárhagslegur ávinningur rannsókna er ekki góður mælikvarði
- Samhengið á milli rannsókna og samfélagslegra áskorana er
  - Hver treystir sér til að sýna fram á að staða íslenskunnar væri betri ef grunnrannsóknir á svið hug- og félagsvísinda væru öflugri?
- Erfitt að kenna stjórnvöldum um ef við sjálf erum ekki með á nóttunum

Tenging milli menntunar og atvinnumarkaðar (getur verið mjög) óljós

- Vantar fyrirmyndir og hvatningu

„Háskólamenntun sem nýtist í starfi“

- Við eigum erfitt með að þýða hæfnina yfir á þarfir atvinnulífsins
- Og atvinnulífið skilur illa hvernig gagnrýni og greinandi hugur nýtist í starfi

# Innan garðs og utan – Fræðaping 2023

Síðast liðið haust hélt ReykjavíkurAkademían Fræðaping

(Árleg) samkomu alls fræðafólks á sviði hug- og félagsvísinda til að ræða það sem sameinar fræðigreinar

Skapa sameiginlegan skilning á því að fræðasamfélagið samanstendur af fólki, hugmyndum og þekkingu sem myndar eina heild óháð fræðigreinum og starfsvettvangi rannsakendanna.

- Hver erum við? Getum við unnið betur saman?
- Hvert er hlutverk hug og félagsvísinda?
- Hver er ásjúnd fræðagreina í samfélaginu og hver er samfélagslegur ávinningur og árangur af starfi okkar?
- Fjármögnun áhugadrifinna rannsókna
- Möguleikar ungs fræðafólks að nýta menntun sína og láta til sín taka í samfélaginu
- Möguleikar frumkvöðla á sviði fræða að fá fjármögnun

Blálituð orð = hugtök sem þurfti að finna upp og innleiða til þess að byrja að ná utan um umræðuna sem mun halda áfram.

Ps. Upptaka frá Fræðapingi er á [www.akademia.is](http://www.akademia.is)

# Hvers vegna núna?

## Heimsfaraldurinn

- Atvinnumarkaðurinn hvarf og með því unga fræðafólkið (sérstaklega karlkyns)
- Aðgerðir stjórnvalda fönguðu ekki upp þessa ósýnilegu stétt á vinnumarkaði
- Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna, einn rannsóknasjóða sem ekki fékk aukið fjármagn

## Aldarfjórðungsafræðingur ReykjavíkurAkademíunnar (2022)

- Var allt miklu betra í JL húsinu?
- Nei, aðgangur að opinberum styrkjum til rannsókna hvarf

Sýndi fram á mikinn aðstöðumun á milli fræðafólks sem sinna rannsóknum og þekkingarmiðlun innan eða utan háskólanna.

# Innan og utan háskólanna

Háskóli Íslands er höfuðvígi hug og félagsvísinda

- Aðrir háskólar og einstaka stofnanir gegna veigamiklu hlutverki fyrir valdar fræðagreinar.

Rannsóknir eru gjarnan litlar og byggja á framlagi eins rannsakanda

- Ekki grunnur fyrir rekstur stórra fyrirtækja eða rannsóknastofnana
- Sjálfstætt starfandi ígildi þeirra fyrirtækja sem starfa á öðrum sviðum vísindanna.

Nokkuð stór hluti rannsókna og þekkingarmiðlunar á sviði hug og félagsvísinda er borinn uppi af fræðafólki sem starfar sjálfstætt utan háskólanna. Er gjarnan með annan fótinn í rannsóknum, hinn í þekkingarmiðlun eða öðrum sérfræðistörfum á sviði fræða.

Áhugadrifnar rannsóknir  
Innan og utan háskólanna



# Gildi grunnrannsókna

Fræðasviðið er afar umfangsmikið og spannar

- hugsun mannsins og átök menningarsvæða,
- viðbrögð einstaklings við áreit og langvinna þróun hugmynda og viðhorfa samfélaga

Fjölbreytt sjónarhorn og aðferðir

- Sögulegt, menningarlegt, fjárhagslegt, siðferðileg, lagalegt ....

Rannsakar samfélagið og bendir á vandamál:

- skipting auðs, áskoranir minnihlutahópa

Gildi rannsókna fyrir samfélagið er ómetanlegt

- Lýsir og útskýrir samfélagslegar og menningarlegar áskoranir og mótar viðhorf okkar til okkar sjálfa, samfélagsins okkar og náungans.
- Þekking sem er forsenda skilnings á vandamálum og grunnur úrbóta og jákvæðrar þróunar samfélagsins

Ómögulegt að segja hvaða rannsókn leiðir til hagnýtra lausna og fræðasviðið er mjög umfangsmikið

- eina mögulega aðferðin er að byggja upp þekkingu á breiðum grunni og til langs tíma

# Hvað er til ráða?

Orð /rannsóknir og greining eru til alls fyrst

Breyta áherslum og stækka Vísindasjóðina

- Aukið fjármagn til rannsókna sem beinast að íslensku samfélagi
- Margfalda fjármagn til áhugadrifinna rannsókna
- Sjóðakerfið geri ráð fyrir fjármögnun samfélagslegrar nýsköpunar
- Halda áfram að styrkjar doktorsnema, rannsóknahópa og sækja fram á því sviði

Við girðum okkur í brók

- Áhersla hug- og félagsvísindafólks (fræðafólk) á það sem sameinar
- Hvetjum unga rannsakendur til dáða, gefa því rödd og fjármagn
- Samvinna vísindamanna og samfélagsins um rannsóknir (ekki sama og miðla þekkingu)
- Aukin tengin milli rannsókna og atvinnulífs
- Íhuga aukna áherslu á stöðu þekkingar fremur en á einstaka fræðigreinar?

# Stofnanavæðingin

Rannsóknaumhverfið ekki lengur hannað fyrir einstaka fræðimenn

- Aukin áhersla á samkeppni („2015“)
- Innleiðing umsýslutekna (2016)
- Sýnileika í hagtölum

ReykjavíkurAkademían er í stofnanalegu forsvari fyrir fræðafólk sem starfar utan háskólanna

- Skilgreina og safna tölfræðiupplýsingum um R&P og samfélagsleg áhrif
- Skilgreina og gera sýnilegt það sem tekur við þegar rannsóknum sleppir
- Þjónusta og sýnileiki, samfélag og efld sjálfsmynd
- Eigin rannsóknir og bakhjarl fræðafólks
- Þakkingamiðlun og samtal við samfélagið

Frumkvöðlar á sviði fræða  
áhrif ósýnileikans

# Forsenda nýsköpunar fræðafólks

## Breiðari skilgreining á nýsköpun

- afurðirnar og áhrifamat fjölbreyttari en áður
- öll fræðasvið eru nýskapandi og allir hlutar samfélagsins, atvinnulífsins og stofnana.
- byggir á nýrri þekkingu, fela í sér nýnæmi og enda í nýjung á markaði

## Aukin áhersla á að samþætta samfélagslegar og tæknilegar lausnir

- Nýjar lausnir á flóknum samfélagslegum vandamálum og samfélagsleg

## Ýmis nýskapandi tæknifyrirtæki, afþreyingaröpp og þjónusta

- Byggja á grunnrannsóknum og þekkingarmiðlun fræðafólks
- Horft fram hjá því framlagi í hagtölum og annarri tölfræði

## Áhrifin

- sjóðaumhverfið, orðræðuna, sjálfsmyndina, tekjuþróun, sókn í nám
- Minnr á að framlag listamanna og innleiðingu hugtaksins skapandi greinar

# Undan huliðshjálminum – Fræðaping 2024

## Framlag fræðafólks til hagkerfisins

- Gera vinnumarkaðinn sýnilegan í hagtölum
- Hvernig, hver og hvað?
- Fyrirtækin sem stunda rannsóknir og nýsköpun

## Það sem tekur við þegar rannsóknum sleppir

- Hagræn áhrif fræðigreina? (Skapandi greinar)
- Fræðavísar (menningarvísar)
- .....?

# Takk fyrir

---

Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir  
framkvæmdastjóri RAses

[annath@akademia.is](mailto:annath@akademia.is) / [www.akademia.is](http://www.akademia.is)